

Nr. 13/2019
3. júní 2019

Viðskiptaafgangur var 35,1 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2019 – hrein staða við útlönd jákvæð um 597 ma.kr.

Á fyrsta ársfjórðungi 2019 var 35,1 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 3,5 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði¹ var 29,7 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 8,5 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 6,7 ma.kr. halla (sjá töflu).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2019 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.746 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.149 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 597 ma.kr. eða 21% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 270 ma.kr. eða 9,5% af VLF á fjórðungnum. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 98 ma.kr. á fjórðungnum. Erlendar eignir jukust um 59 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en skuldir lækkuðu um 39 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 182 ma.kr. Það skýrist aðallega af tæplega 12% verðhækkunum á erlendum verðbréfamörkuðum á ársfjórðungnum en einnig rúmlega 4,5% lækkun á gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog.

¹ [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

² Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.seðlabanki.is

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2018/1</u>	<u>2018/2</u>	<u>2018/3</u>	<u>2018/4</u>	<u>2019/1</u>
Viðskiptajöfnuður	6,7	-0,2	75,1	0,8	35,1
Vöruskiptajöfnuður	-27,2	-48,3	-46,7	-37,0	3,5
Þjónustujöfnuður	36,6	52,0	123,7	33,4	29,7
Jöfnuður frumbáttatekna	2,2	0,6	3,8	11,3	8,5
Rekstrarframlög, nettó	-4,8	-4,5	-5,8	-7,0	-6,7
Jöfnuður fjárframlaga	-0,4	-0,4	-0,3	-0,6	-0,3
Fjármagnsjöfnuður	63,2	-15,0	87,9	46,1	98,0
Bein fjárfesting	24,3	-19,0	46,4	-1,3	32,0
Verðbréf	-25,4	1,4	20,5	117,6	27,9
Afleiður	1,8	0,7	-0,7	2,6	0,2
Önnur fjárfesting	72,1	-2,5	21,3	-82,9	44,9
Gjaldeyrisforði	-9,6	4,3	0,4	10,1	-7,0
Skekkiur og vantalið, nettó	56,9	-14,4	13,1	46,0	63,3

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2018/4	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2019/1
Erlendar eignir, alls	3.403	59	273	11	3.746
Bein fjárfesting	749	-9	31	21	792
Verðbréf	1.325	52	179	0	1.556
Afleiður*	11	0	0	-4	8
Önnur fjárfesting	582	22	27	-6	625
Gjaldeyrisforði	736	-7	36	0	765
Erlendar skuldir, alls	3.077	-39	91	21	3.149
Bein fjárfesting	1.200	-41	39	5	1.203
Verðbréf	1.203	24	33	1	1.261
Afleiður*	5	0	0	1	6
Önnur fjárfesting	669	-23	18	14	678
Hrein staða þjóðarbúsins	327	98	182	-10	597
% af VLF	11,5%	3,5%	6,4%	-0,4%	21,0%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.